

**Ed.**

**958. Breytingartillögur**

**[196. mál]**

við frv. til tollalaga.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (EKJ, StB, JK, RA, EgJ, VI).

1. Við 6. gr. 13. tölul. orðist svo:

Að endurgreiða eða fella niður gjöld af hráefni, efnivörum og hlutum til framleiðslu innlendra iðnaðarvara sem tollar hafa verið lækkaðir eða felldir niður af samkvæmt ákvæðum um aðild Íslands að Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA) og ákvæðum samnings Íslands við Efnahagsbandalag Evrópu (EBE), svo og af vélum, vélarhlutum og varahlutum sem notaðir eru til aðvinnslu sömu vara. Jafnframt að lækka eða fella niður gjöld af efnivöru í innlenda iðnaðarvöru ef gjöldin af sams konar iðnaðarvöru framleiddri erlendis eru jafnhá eða lægri en af efnivörunni.

Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd ákvæða þessa töluliðar að höfðu samráði við iðnaðarráðuneytið og samtök iðnaðarins.

2. Við 27. gr. 2. og 3. tölul. orðist svo:

2. Akranestollumdæmi sem tekur yfir Akranes.

3. Mýra- og Borgarfjarðartollumdæmi sem tekur yfir Mýra- og Borgarfjarðarsýslu.

3. Við 96. gr. 1. mgr. orðist svo:

Ákvæði V. kafla, um aðflutningsskýrslur og aðrar skýrslugjafir, og VII. kafla, um tollestirlit og meðferð ótollafgreiddrar vöru, gilda um frísvæði eftir því sem við getur átt, m.a. um meðferð og flutning vara milli frísvæðis og annarra staða tollsvæðisins.

4. Við 103. gr.

a. Á eftir orðinu „tollvörugæymslu“ í 1. og 2. mgr. komi: eða fluttar á frísvæði.

b. Við 2. mgr. bætast orðin: og 96. gr.